



Fundargerð

183. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, fimmtudaginn 12. feb 2014 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2014 (drög)
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Ársreikningur 2014 (drög)

Undir þessum lið sátu Guðlaugur Erlingsson og Magnús Jónsson frá KPMG sem fóru yfir og skýrðu drög að Ársreikningi 2014. Umræða og fyrirspurnir en reikningurinn verður tekinn til afgreiðslu á næsta fundi.

Eftirfarandi tillaga borin fram um skiptingu lána, launkostnaðar og sameiginlegs kostnaðar:

Vegna aðgreiningar á bókhaldi veituhluta samþykkir stjórn eftirfarandi skiptingu vegna rekstrarársins 2014.

1) Lánataka ársins 2014

- Lánataka ársins 2014 nam 163,0 millj. kr. og greindist þannig:
- Lánataka vegna nýframkvæmda nam 90,0 millj. kr og tilheyrir öll hitaveitu starfsemi HEF. Hitaveita ber því allan fjármagnskostnað og afborganir vegna þessa láns.
- Endurfjármögnun eldri lána nam 73,0 millj. kr. og er skipt með sömu hlutföllum og gert var við skiptingu lána 1. janúar 2013, hitaveita 60% og vatnsveita 40%.

2) Skipting launa og launatengdra gjalda og sameiginlegs kostnaðar ársins 2014

- ✓ Skipting miðast við tekjur starfsþátta og greinast þannig:
 - Hitaveita: 48,3% (2013_49,8%)
 - Vatnsveita: 23,5% (2013_22,9%)

- Fráveita: 28,2% (2013_27,3%)
- ✓ Launum og launatengdum gjöldum og sameiginlegum kostnaðir sem ekki er sérgreindur á starfsþætti verður skipt í samræmi við ofangreind hlutföll.

Ofangreindar tillögur bornar upp eftir umræðu og samþykktar samhljóða.

2. Innkomin erindi

- a) Ylströndin ehf. dags. 31.01.2015 – lögð fram afrit af kostnaðarreikningum sem var skilyrði fyrir útgreiðslu á styrk HEF ehf. til verkefnisins. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri greiði síðari hluta styrksins að uppfylltum skilyrðum sé fullnægt.
- b) Fundargerð 2. fundar fagráðs fráveitusviðs Samorku – í fundargerðinni er m.a. fjallað um drög að samþykkt um fráveitumál fyrir sveitarfélög á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Austurlands, en drögin höfðu áður verið send (sem trúnaðarmál) til fagráðsmanna til yfirlestrar fyrir fundinn.

Fagráðið fór yfir drögin og komu fram ýmsar athugasemdir við þau frá fagráðsmönnum. Fagráðið samþykkti einróma eftirfarandi bókun: „Fagráð fráveitna í Samorku bendir á að nú er starfandi nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem vinnur að endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Sú vinna er langt komin. Í reglugerðinni eru mörg ákvæði sem hafa bein áhrif á fráveitusamþykktir sveitarfélaga og telur fagráðið því óskynsamlegt á þessum tímamarki að sveitarfélög setji sér samþykktir um fráveitumál, áður en ný reglugerð er fram komin. Enn fremur bendir fagráðið á að líklegt sé að eftir að þeirri vinnu sé lokið, verði bætt inn kafla í fráveituhandbók Samorku, með leiðbeiningum fyrir sveitarfélög um fráveitu samþykktir sveitarfélaga.“

Stjórn er sammála um að taka málið upp á fundi með Heilbrigðiseftirliti Austurlands sem fyrirhugaður er á næstunni.

- c) Skipulags- og byggingafulltrúi Fljótsdalshéraðs dags. 5.2.2015 ósk um umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvamm 2 Fljótsdalshéraði. Tilgreint vatnsból er ekki á forræði HEF ehf. en bent er á að ekki hefur verið nægt vatn miðað við núverandi notkun í tilgreindri veitu samkvæmt innsendum erindum til félagsins.



3. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- a) Framkvæmdastjóri sagði frá hugmyndum um ljósleiðaravæðingu og endurbótum á fjarskiptakerfum.
- b) Endurnýjun stofnlagnar á Egilsstaðanesi – Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Rætt um tilboð og samningagerð við landeigendur. Framkvæmdastjóra falið að semja á grunni framlagðra gagna. Gunnhildur og Guðbjörg sátu hjá við afgreiðsluna.
- c) Endurnýjun stofnlagnar á Egilsstaðanesi - Mikilvægt er að koma af stað vinnu við útboðsgögn og undirbúa auglýsingu útboðs á öllum verkþáttum við verkið.

4. Önnur mál

- a) Fundadagatal 2015 stjórnar - frestað til næsta fundar.
- b) Aðalfundur verður haldinn fimmtudaginn 5. mars kl. 17:00.
- c) Starfsmannamál – umræða.
- d) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 25. febrúar n.k. kl. 12:00.

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:50

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson